

**Ed.**

### **493. Nefndarálit**

við frv. til I. um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Frá minni hluta samgöngumálanefndar.

Nefndin hefir klotnað. Meiri hlutinn vill vísa frv. frá með dagskrá. Minni hlutinn leggur til, að það verði samþykkt með nokkrum viðaukum.

Mál þetta hlaut almennan stuðning í neðri deild, og var vegamálastjóri að miklu leyti ráðunautur nefndarinnar. Var meðal annars lögð stund á að taka tillit til sem allra flestra kjördæma. Þó féllu nokkur úr að mestu eða alveg, en þeir ágallar geta orðið leiðréttir í meðferð málsins í efri deild.

Sumar af þeim breytingum, sem frv. gerir ráð fyrir, eru beinlínis óhjákvæmi-  
legar. Þannig má segja, að Sogsvegurinn nýi svifi í lausu lofti. Hann er lagður fyrir fé úr sýslusjóði og frá Reykjavíkurbæ, en er ekki þjóðvegur. Vegamálastjóra er þess vegna að lögum jafnóheimilt að verja fé til viðhalds honum eins og hverjum öðrum af vegum þeim, sem í þessu frv. er ráðgert að gera að þjóðvegum.

Sama er að segja um Melatangaveg í Austur-Skaftafellssýslu. Síðan bifreið-  
ferja kom yfir Hornafjarðarós er hin raunverulega þjóðleið héraðsins eftir melun-  
um með sjó fram og síðan yfir Mýrarnar hjá Flatey á gamla þjóðveginn. Með þessu  
móti hættir að mestu meginumferðin yfir hin miklu vötn á Mýrum og sjálft Horna-  
fjarðarfljót. Það segir sig sjálft, að það er óviðkunnanlegt að hafa ekki í vegalögum  
aðalþjóðveg í hálfri sýslu, og að láta í þess stað vera í vegalögum leið, sem hætt er  
að nota, nema sem hreppaveg.

Af breytingartillögum þeim, sem fram eru komnar, vill minni hlutinn sérstak-  
lega mæla með veginum eftir Bárðardal frá Fosshól að Sandvík. Bárðardalur er einn  
lengsti dalur landsins og langt til aðdráttá, hvort sem heldur er til Húsavíkur eða  
Akureyrar. En fólkíð í þessum dal hefir ekki gefizt upp, þótt byggðin sé afskekkt.  
Viða er klukkutíma gangur milli bæja í Bárðardal. Bárðardælingar eru tryggir byggð  
sinni. Þeir skipta hinum gömlu, mannfreku stórbýlum, og eru allvíða 3—4 heimili  
á sömu jörð, oftast náin skyldmenni. Með réttu getur fólkíð í slíkum byggðum bent  
á, að það eigi fullkomlega rétt á stuðningi þjóðfélagsins við að koma samgöngum  
dreifbýlisins í viðunandi horf, svo mjög sem þjóðinni liggur á að missa ekki það  
öryggi, sem dreifbýlið tryggir þjóðarheildinni.

Þá er lagt til, að gert verði akfært frá Brúafossum við Laxá að Uxahver í Reykjahverfi. Hin nýja rafstöð Akureyrarbæjar er hjá Brúum. Þar er náttúrufegurð mikil, og ekki nema nokkurra mínútna för í bifreið, ef akvegur lægi að Uxahver. Mundi sú leið verða fjölsótt af erlendum og innlendum ferðamönnum.

Þá telur minni hlutinn sjálfsgagt að gera veginn frá Ásgarði að Skarðsstöð að Þjóðvegi. Skarðsstöð er hin forna meginhöfn í Dalasýslu og eina höfn í sýslunni, sem ekki lokast af is að vetrinum til. Það þarf ekki að fjölyrða um, hve mikla þýðingu það hefir fyrir Dalasýslu, að meginhluti héraðsins geti átt aðgang að vegasambandi við islausa höfn.

Sumir menn halda því fram, að of mikið sé nú af vegum í vegalögum. En hin öra þróun í vegagerð á síðustu 20 árum er eingöngu sprottin af þeirri bjartsýni og trú á landið, sem vegalögin byggjast á. Erlendir menn úr rikum og þéttbyggðum löndum, sem ferðast á Íslandi, undrast það feiknastarf, sem þjóðin hefir innt af hendi í vegagerðum á síðustu árum.

Ef þetta frv. væri nú stöðvað í efri deild, þá væri það mjög vafasöm framkvæmd. Erfiðir tímar standa fyrir dyrum. Vel má vera, að það verði þjóðarnauðsyn að auka stórlega þá atvinnu, sem ekki þarf erlendan gjaldeyri til að framkvæma. Vegagerðir eru ein hin heppilegasta starfsemi undir þessum kringumstæðum, bæði til að veita atvinnu fjölmörgum mönnum, sem hafa í bili misst sína venjulegu atvinnu af styrjaldaarástæðum, og til að opna landið fyrir nýrri byggð og skapa ný framleiðsluskilyrði í landinu.

Ef frv. þetta yrði fellt í efri deild, eftir að neðri deild hefir lagt í það svo mikla vinnu og sýnt, að þar er mikill áhugi fyrir málinu, þá myndu það verða mikil vonbrigði fyrir menn hvarvetna um land. Þjóðin myndi sjá í þessu óheppilega stefnubreytingu. Fram að þessu hefir Alþingi haft forustu um mikla framsækni í samgöngumálum. Nú er allra mest þörf á, að ekki sé hörfað til baka.

Alþingi, 15. apríl 1940.

Jónas Jónsson.